

Skólaráðsfundur 20. jan. 2014

Fundarmenn: Aðalheiður G., Helga Veronika, Helgi, Hulda Sólveig, Marsibil, Róbert Elís, Sigurður, Sveindís og Úlfhildur. Sigurður kom kl. 15.00.

Helgi skólastjóri dreifði fundarblaði.

1. Hann var með 1. drög að **skóladagatali 2014-2015**. Hann benti á skipulagsdaga að þeir væru ekki allir á sömu dögum, en samt hafa þeir eins og er allir lent á mánudögum og miðvikudögum. Sett eru inn tvö vetrarfrí og var þess gætt að vetrarfríð að hausti væri á sama tíma í grunn- og framhaldsskólum bæjarins. Rætt hefur verið um það hvort skólum verði boðið upp á að velja um það hvort þeir taki tvö vetrarfrí eða eitt. Það vantar inn á þessi drög fimm skerta daga. Fjallað var um foreldradaginn sem er í október og mögulegar breytingar á útfærslu. Við þurfum að vera dugleg að tala um styrkleika og getu nemenda okkar. Einnig að allir kennarar noti Mentor af krafti. Umræður voru um önnur kerfi en Mentor. Skólar hafa tekið upp Vinnustund sem tengist launakerfi bæjarins og því erum við ekki eins bundin að því að nota Mentor. Skoða má önnur kerfi og bera saman kosti og galla við þau.

Önnur mál:

2. ÍTH - einhverjar reglur eru hjá þeim um að þeir megi ekki fara með börnin á skíði. Við þurfum að ræða við ÍTH um framkvæmd á skíðaferð.
3. Marsibil upplýsti að 7. bekkir fara að Reykjum þann 17. mars og verða þar í fimm daga.
4. Sveindís spurði hvort það væri ekki hiti í brekkunni á leiðinni niður að skólanum. Helgi mun kanna það.
5. Spurt var að því hvort skólinn sendi eitthvað frá sér um aðalnámskrána. Verið er að vinna í henni en ekki er gert ráð fyrir sérstakri aðkomu foreldra um samningu aðalnámskrár. Sveindís upplýsti að stjórn foreldrafélagsins hafi skipt verkum á milli sín varðandi yfirlestur á aðalnámskrá. Helgi skólastjóri var ánægður með það. Það er oft almennt orðalag á aðalnámskránni. Skólaráð hefur staðfest skólanámskrá núna í haust.
6. Rætt var um góð samskipti á milli starfsmanna í Björkunum við foreldra barnanna sem eru þar. Ef það verður eitthvað slys þá er það sent á viðkomandi hóp foreldra þannig að allir séu upplýstir. Þarna er sem sagt tekið vel á slíkum málum. Við munum skoða vinnulag í skólanum okkar þegar slys verða og sjá hvort að við getum ekki samræmt betur hvenær og hvernig foreldrar eru upplýstir. Úlfhildur hefur fengið slíkan póst um

dóttur sína sem er í Álftanesskóla. Ath. að láta áfallaráð fjalla um það að gera góðar verklagsreglur.

7. Það er ekki búið að finna dag fyrir skerta daginn sem við eigum inni í vor. Það verður gert og ef til vill verður hann ekki eins hjá öllum deildum.
8. Sigurður benti á að dregið hefði verið úr því að nemendur fengju hvalamiða. Aðeins ein veisla hefur verið í bekknum hjá honum. Markmiðið er að ná 6 veislum yfir veturinn. Þeir bekkir sem ná þeim fá sérstakir gjafir frá skólastjórnendum.
9. L í HVALEYRARSKÓLI er í vinnslu að sögn Helga. Svanlaugur er með þetta mál.
10. Nýr örbylgjuofn er væntanlegur að sögn skólastjóra.
11. Það er allt of mikið svell á leikvellingum. Reynt hefur verið að vinna í því. Það hefur gengið afar hægt. Aðeins var sandað í hring fyrir bílastæðið. Endað var á því að það komu sandpokar sem skólaliðar síðan dreifðu úr.
12. Ræða þarf við starfsfólkið hvort það sé opnað fyrir börnunum ef þau þurfa að komast á salerni í frímínútum.
13. Kynning á framhaldsskólum. Hvernig er þeim háttað? Það koma kynningaraðilar til okkar frá Flensborg. Einnig munum við heimsækja Flensborg á Vakningardögum. Sameiginleg kynning á framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins verður enn fremur í Kórnum og fara nemendur 10. bekkja þangað með foreldrum sínum.
14. Helga spurði hvort lokað hefur verið fyrir Happy leikinn? Það er hægt að loka fyrir slíka leiki. Úlla getur séð alla skjái í tölvustofunni og hún getur þá lokað á vissa tölvuleiki sem eru óheppilegir.
15. Edda Guðmundsdóttir var með erindi á vegum Velferðarvaktarinnar. Ath. að fá hana í vor fyrir foreldrana hér og e.t.v. Valgerði Halldórsdóttur formann félags stjúpfjölskyldna. Einnig var rætt um fyrirlestra frá SAFT og mun Úlfhildur segja okkur frá því hver var haldinn nýlega fyrir foreldra barna í Álftanesskóla.
16. Heimasíðan er í vinnslu! Gurrý og Helgi eru með það verkefni.

Næsti fundur verður samkvæmt skipulagi þann 10. febr. kl. 14.30.

Samantekt: Marsibil Ólafsdóttir.